Sþ. **255. Tillaga til þingsályktunar** [141. mál]

um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjóra menn í nefnd, einn tilnefndan af stjórn Bjargaráðasjóðs Íslands, annan af Búnaðarfélagi Íslands, hinn þriðja af Stéttarsambandi bænda og hinn fjórða án tilnefningar, til að endurskoða lög um búfjártryggingar og önnur lög, er málið varða, í því skyni, að komið verði á fót fyrir landbúnaðinn tryggingum gegn uppskerubresti og afurðatjóni með hliðsjón af aflatryggingum sjávarútvegsins. Sá nefndarmaður, sem skipaður er af ríkisstjórninni án tilnefningar, skal vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Á þessu þingi hafa verið fluttar þrjár tillögur til þingsályktunar um tryggingamál landbúnaðarins. Þessar tillögur eru:

1. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um Bjargráðasjóð o. fl. Flm.: Jónas Pétursson og Magnús Jónsson (24. mál).
2. Tillaga til þingsályktunar varðandi búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl. Flm.: Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson og Karl Kristjánsson (29. mál).
3. Tillaga til þingsályktunar um Tryggingarsjóð landbúnaðarins. Flm.: Björn Jónsson, Ragnar Arnalds og Gils Guðmundsson (31. mál).

Öllum þessum tillögum hefur verið vísað til allsherjarnefndar, og hefur nefndin fengið umsagnir um þær frá stjórn Bjargráðasjóðs Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Telja allir þessir aðilar nauðsyn á auknum tryggingum í landbúnaði.

Allsherjarnefnd er sammála um, að málið verði bezt leyst með því að sameina í nýrri tillögu þau meginsjónarmið, er fram komi í áðurgreindum þrem þingsályktunartillögum. Af þeim sökum leyfir nefndin sér að flytja framangreinda þingsályktunartillögu um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði.